

Skaftárhreppur
Anton Kári Halldórsson
Klausturvegi 15
880 Kirkjubæjarklaustur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 29. febrúar 2012
Tilvísun: UST20120100262/ksj

Lýsing á deiliskipulagi svæðis Nunnuklaustrins á Kirkjubæ

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Skaftárhrepps er barst 27. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á lýsingu deiliskipulags fyrir tveggja hektara svæði við minningarkapellu Jóns Steingrímssonar á Kirkjubæjarklaustri.


Deiliskipulagssvæðið


Svæðið sem áætlað er að deiliskipuleggja afmarkast af Skriðuvöllum, Klausturvegi, dvalarheimilinu Klausturhólum og Túngötu. Svæðið nær alls yfir tvo hektara við minningarkapellu Jóns Steingrímssonar á Kirkjubæjarklaustri. Á svæðinu eru rústir klaustursins að Kirkjubæ og opið svæði til sérstakra nota þar sem er kirkjugarður.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir markmið og skipulagsforsendur fyrir áætlað deiliskipulag. Á svæðinu eru ekki svæði á náttúrminjaskrá, þar finnast ekki jarðminjar eða vistgerðir er falla undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við lýsingu deiliskipulags Nunnuklausturs á Kirkjubæ.

Virðingarfyllst


Aðalbjörg B. Guttormsdóttir
Deildarstjóri


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

